

Fundargerð

23. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2020-2022, þriðjudaginn 22. mars 2022, í sal D Laugardal og á Zoom.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Guðlaug Baldvinsdóttir, ~~Kári Steinn Karlsson~~, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, ~~Fjóla Signý Hannesdóttir~~, Gunnar Svavarson, Eiríkur Mörk Valsson, ~~Björg Ágústsdóttir~~, ~~Björgvin Víkingsson~~, ~~Kristín Birna Ólafsdóttir Johnson~~, Íris Berg Bryde verkefnastjóri og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð – Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð frá fundi 22 samþykkt. Engar staðfestar rafrænar ákvarðanir stjórnar á milli funda.

2. Ársþing FRÍ

- Farið yfir undirbúning og tímasetningar.
- Dagskrá óbreytt.
- Ársreikningar 2020 og 2021 fyrir FRÍ og FRÍ ehf. tilbúnir og staðfestir, rafrænni undirritun lokið. Fjárhagsáætlun er komin inn sem þingskjal með fjárhagsgögnum.
- Farið yfir þinggögnin, engar athugasemdir. Allt komið út á réttum tíma og allt rafrænt.
- Formaður gerir grein fyrir ályktunartillögu um samstarf við ÍF. Ályktunin mun verða tekin upp sem afbrigði við dagskrá, af þingforseta, í ljósi þingskapa.
- Skýrsluvinnu lokið og er skýrslan í umbroti.
- Skipan nefnda þings og boðun lokið. Starfsmenn þings óbreyttir og öll tilbúnir í slaginn, en þau bíða öll spennt. Rætt um rafræna hlustun og upptökur.
- Selfyssingar klárir með salinn og alla aðra umgjörð. Bakstur fer fram víða um héraðið.
- Starfsmenn skrifstofu klár í slaginn og bíða þau öll spennt í rásblokkunum.
- Farið yfir tillögur orðunefndar. Formaður leggur til að þær séu fínþússaðar og lokið á næstu tveimur dögum. Kanna þarf mætingu og eitt og annað. Tillögur verða sendar út innan tveggja daga til stjórnar til afgreiðslu og óskað eftir staðfestingu rafrænt.
- Málstofan „Ræsum í gang að nýju“ (eftir Covid). Stjórn undirbjó með umræðuhringferð helstu áskoranir sem hreyfingin stendur frammi fyrir, sem uppkveikju að málstofuvinnu. Formanni og ritara falið að útfæra málstofuna með spretti og ganga frá mönnum og forystu á meðal fundarmanna.

3. 75 ára afmæli FRÍ

Rætt um afmælisárið. Varaformaður FRÍ sem er formaður afmælisnefndar gerði grein fyrir stöðu. Mikil spenna er fyrir afmælistóttinu á Selfossi 28. maí nk.

4. Tæknimál

Heimasíða á lokastigi og fer í loftið þá og þegar, vonandi hægt að ræsa um og eftir ársþingshelgina.

5. Önnur mál

Stjórnarmenn sem ekki gefa kost á sér áfram þakka fyrir samstarfið við stjórn og starfsmenn skrifstofu, sem spegluðu kveðjunum til baka. Kraftur og vilji hjá öllum að styðja hvort annað áfram til ennfrekari sigra innan og utan FRÍ.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 18:05 með því að fundarmenn ræddu um leitina að Jóni Jónssyni.

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson, ritari FRÍ.